

“Góðir hlutir gerast” Fagvitund í fyrirrúmi

Jan. 2011 16. tlb

Kæru formenn

Gleðilegt nýtt ár og ég þakka ykkur fyrir gott samstarf á liðnu ári. Nýtt ár er að hefja göngu sína og þar með síðasta misseri núverandi landssambandsstjórnar. Í mörg horn er að líta og þurfum við að bretta upp ermarnar á ýmsum sviðum.

Í síðasta lið framkvæmdaáætlunarinnar er rætt um viðurkenningar til nærsamfélagsins. Nú væri fróðlegt að vita hvort og/eða hvernig deildir hafa framkvæmt þetta atriði. Ég nefndi það í síðasta bréfi að við ættum að láta okkur samfélagið meira varða eins og frumkvöðlar okkar í DKG gerðu hér í upphafi. Gaman væri að deildir tækju að sér að skoða eitthvað sem vel er gert í nærsamfélaginu. Einnig má skoða hvaða breytingar eiga sér stað á þessum tímum niðurskurðar, svo sem sameiningu skóla, flutning menntasetra, námskrárbreytingar, o.s.frv. Hvernig gengur að halda skólabókasöfnum við í kreppunni? Hvað er verið að gera vel? Hvar má spara, hvar má ekki spara? Hafið samband við mig eða menntanefnd sigridurjohnsen@gmail.com fyrir 20. janúar ef þið lumið á umfjöllun um áhugavert starf sem er unnið í ykkar nærsamfélagi. Ég veit að það er af nógu að taka.



5. október ár hvert er alþjóðlegur dagur kennarans. Ýmsar þjóðir gera sér dagamun og minna á kennarastarfið á einn eða annan hátt. Er eitthvað slíkt gert hér á landi?

Við þökkum þeim sem lögðu verkefninu, Schools for Africa, lið. Við lögðum inn á reikning UNICEF um áramótin sjá frétt á vef Unicef <http://unicef.is/node/856>.



Undirbúið konur að mæta á þingin sem eru framundan, Landssambandsþingið í maí og Evrópuþingið í ágúst og jafnvel að huga að því að bjóða fram vinnustofur. Ég veit að DKG systur um allt land hafa svo margt fram að færa. Þetta er líka mjög gott tækifæri til að kynna það sem þið eruð að fást við. Eru listakonur í deildum ykkar sem geta hugsanlega kynnt íslenskt handverk á þingum okkar?

International Scholarship Fund. Tvær íslenskar konur fengu styrk úr þessum sjóði í fyrra og hvet ég konur til að sækja um ef þær eru í framhaldsnámi. Það þarf að sækja um fyrir 1. febrúar.

Deildarformenn hafa fengið sendar skýrslur sem þið eruð beðnar um að fylla út og senda mér fyrir 1. febrúar. Ekki er nauðsynlegt að hún sé fyllt út á ensku og þið megið gjarnan senda hana rafrænt.

Upplýsingar



Gönguhópurinn hitist við Hallgrímskirkju í desember og naut jólastemningarinnar, en í janúar ætlum við að hittast við Ráðhúsið í Reykjavík, þriðjudaginn 25. janúar kl. 17:30 og rölta um miðbæinn.

Til framkvæmda

Ekki hafa félagatöl allra deilda verið uppfærð á deildarvefsíðum. Athugum að betra er að sleppa upplýsingum á vefnum ef þær eru ekki réttar.

Janúar 2011						
Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau	Sun
					1	2
3	4	5	6	7	8	9
10	11	12	13	14	15	16
17	18	19	20	21	22	23
24	25	26	27	28	29	30
31						

Á döfinni:

25. jan

Gönguhópur hittist við Ráðhúsið í Reykjavík kl. 17:30

Eindagar

20. jan

Hugmyndir um innlegg á Landssambandsþing

30. jan

Skila tillögum til uppstillinganefndar

1. feb

International Scholarship


1. feb

Skila árlegri skýrslu til landssambandsforseta

15. feb

Umsókn um vinnustofur og innlegg á Evrópuþing

Febrúar 2011						
Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau	Sun
	1	2	3	4	5	6
7	8	9	10	11	12	13
14	15	16	17	18	19	20
21	22	23	24	25	26	27
28						



Með systrakveðju,

Ingibjörg Jónasdóttir
landssambandsforseti DKG